

ÁRSSKÝRSLA
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



1990-1991

9-

Lib
Kon

STÖRF STJÓRNAR.

Á 30. ársþingi KKI voru eftirtaldir kosnir í stjórn sambandsins fyrir starfsárið 1990-1991.

Formaður til tveggja ára: Kolbeinn Pálsson
Stjórnarmenn til tveggja ára: Guðmundur Þorsteinsson
Kristinn Stefánsson
Einar Bollason

Sjálfkjörnir til eins árs: Gunnar Þorvarðarson
Jón Þór Hannesson
Kristinn Albertsson

Í varastjórn til eins árs: Ægir Ágústsson
Jón Már Héðinsson
Ólafur Rafnsson

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Kolbeinn Pálsson	formaður
Einar Bollason	varaformaður
Guðmundur Þorsteinsson	gjaldkeri
Jón Þór Hannesson	ritari
Gunnar Þorvarðarson	meðstjórnandi
Kristinn Albertsson	meðstjórnandi
Kristinn Stefánsson	meðstjórnandi

Gunnar Þorvarðarson sagði af sér í stjórn KKI og sæti hans tók Ægir Ágústsson sem var fyrsti varamaður.

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMAÐUR 1990-1991.

MÓTANEFND: Stjórn KKI

DÓMARANEFND: Helgi Bragason
Leifur Garðarson
Kristinn Albertsson

KVENNALANDSLIDSNEFND: Guðrún Ólafsdóttir
Kolbrún Jónsdóttir
Ragnar Örn Pétursson
Jóhannes Ellertsson

DÓMSTÓLL: 1. ár: Helgi Ingólfur Jónsson
2. ár: Hilmar Hafsteinsson
3. ár: Gísli Gíslason

Til vara: 1. ár: Árni Guðmundsson
2. ár: Ingi Gunnarsson
3. ár: Ágúst Jóhannesson

AGANEFND: 1. ár: Hrafn G. Johnsen
2. ár: Jón Eysteinnsson
3. ár: Þorgeir Ingi Njálsson

Til vara í eitt ár: Bogi Þorsteinsson

ENDURSKODENDUR: Ágúst Jóhannesson
Guðrún Ólafsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI: Pétur Hrafn Sigurðsson

LANDSLIÐSPJÁLFARI: Torfi Magnússon

Upplýsingar um störf einstakra nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

SKÝRSLA STJÓRNAR KKÍ 1990-1991.

Fljótlega eftir síðasta ársþing kom stjórn KKÍ saman og skipti beð sér verkum. Einnig var rætt um starið frammundan. Stjórn KKÍ hélt 18 bókaða fundi auk fjölmargra óformlegra funda.

TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI ÁRSINS 1991.

Samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og Íþróttablaðinu, þá tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ íþróttamann ársins. Að þessu sinni var Páll Kolbeinsson KR valinn körfuknattleiksmaður ársins 1991.

ALÞJÓÐLEGT MÓT Í MINNIBOLTA.

KKÍ sótti um að halda alþjóðlegt mót í minniboltalandsliða sem minniboltanefnd FIBA heldur árlega og átti það að fara fram í júlí. Töluverð vinna var lögð í undirbúning á þessu móti og kynningu á því í Evrópu. Enn fremur fékkst styrkur frá Alþjóða Ólympíunefndinni til að halda þetta mót upp á kr. 700.000,-. Því miður sá engin þjóð í Evrópu sér fært að taka þátt í þessu móti og var viðkvæðið að of dýrt væri að koma til Íslands og var því sjálfhætt við mótið.

NORÐURLANDAMÓT PILTA OG STÚLKNA Á ÍSLANDI.

Norðurlandamót pilta og stúlkna fór fram í Stykkishólmi 26. - 28. apríl síðastliðinn. Alls léku 5 lið í karlaflokki og 5 lið í kvennaflokki. Íslendingar urðu norðurlandameistarar í fyrsta sinn í piltaflokki sem er glæsilegur árangur. Stúlkurnar, sem tóku þátt í sínu fyrsta norðurlandamóti stóðu sig með þryði þó þær hafi lent í neðsta sæti. Skipulagning mótsins var í höndum heimamanna og tókst hún með mikilli þryði og er öllum þeim sem störfuðu við mótið færðar þakkir fyrir. Sérstakar þakkir eru færðar framkvæmdanefnd mótsins en hana skipuðu Ríkharður Hrafnkelsson, Gunnar Svanlaugsson, Vignir Sveinsson og Þorvaldur Pálsson.

SKRIFSTOFAN.

Enn aukast umsvif skrifstofu KKÍ. Á undanförunum árum hefur leikjum í íslandsmóti og bikarkeppni fjölgað mjög mikið, nú síðast með stofnun 2. deildar í körfuknattleik. 25 félög hófu keppni í 2. deild síðastliðið keppnistímabil. Þess má geta að aðeins sendu 24 félög lið til keppni keppnistímabilið þar á undan og er því um tvöföldun á félagafjölda innan KKÍ að ræða sem er mjög ánægjuleg þróun. Torfi Magnússon var ráðinn landsliðsþjálfari karla og kvenna og starfar hann einnig að fræðslumálum KKÍ.

ÞING OG RÁÐSTEFNUR.

Kolbeinn Pálsson sótti þing FIBA sem haldið var í Portúgal. Kolbeinn Pálsson og Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu fund í tengslum við Evrópukeppni smáþjóða sem haldin var í Wales.

FORMANNAFUNDUR.

Formannafundur var haldinn í Reykjavík 18. ágúst. Þar var rætt um tillögur frá ÍBK um leikskipulag í yngri flokkum, leikdaga og leiktíma í íslandsmótinu og landsliðsmál.

ÍPRÓTTAHÁTÍÐ ÍSÍ.

Í tengslum við íþróttahátíð ÍSÍ stóð KKÍ fyrir æfingabúðum fyrir börn og unglínga sem stóðu í viku. Einnig voru haldin mót fyrir þá sem sóttu æfingabúðirnar og félög innan KKÍ. Fenginn var bandarískur þjálfari, Andy Piazza til að kenna ásamt Torfa Magnússyni. Einnig kenndu Páll Kolbeinsson og Magnús Matthíasson í æfingabúðunum sem þóttust takast mjög vel. Allir þátttakendur í æfingabúðunum mættu við opunarhátíð íþróttahátíðarinnar.

ÞJÁLFRANÁMSKEIÐ.

KKÍ hélt þjálfaranámskeið í maí þar sem fengnir voru mjög hæfir þjálfarar til að kenna. Þeir voru Dr. Laszlo Nemeth fyrrum landsliðsþjálfari Íslands, Ralph Klein landsliðsþjálfari Ísraels og aðstoðarþjálfari sovéska landsliðsins. KKÍ fékk styrk frá alþjóða Olympíunefndinni og FIBA til að halda þetta námskeið og því var hægt að fá hingað til lands svo þekktu þjálfara. Námskeiðið þótti takast mjög vel.

LOKAHÓF KKÍ 1991.

Lokahóf KKÍ var haldið laugardaginn 13. apríl á veitingastaðnum K-17 í Keflavík og er það í fyrsta sinn sem lokahóf KKÍ fer fram utan Reykjavíkur að talið er. Markmiðið var að hófið yrði í umsjón leikmanna í úrvalsdeild og 1. deild kvenna eins og verið hefur. En eftir að reynt hafði verið að boða leikmenn á fundi tvisvar og mæting verið vægast sagt léleg var ákveðið að skrifstofa KKÍ tæki að sér skipulagningu hófsins. Framlag leikmanna var því lítið. Þess ber þó að geta að stúlkur úr kvennalandsliðinu skreyttu salinn og fá þær þakkir fyrir. Heiðursgestur á lokahófinu var Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra.

AFMÆLISHÓF KKÍ 1991.

Á þessu ári varð KKÍ 30 ára. Ákveðið var að halda afmælishátíðina í tengslum við lokahóf KKÍ. Tækifærið var notað til að heiðra með gullmerki nokkra aðila sem hafa unnið körfuknattleiknum á Íslandi ómetanlegt gagn undanfarin ár. Þeir eru: Hilmar Hafsteinsson, Hrafn G. Johnsen, Jón Eysteinnsson, Helgi Jóhannsson, Birgir Örn Birgis, Sveinn Björnsson, Helgi Ágústsson, Jón Otti Ólafsson, Ingvar Jónsson

STJÖRNULEIKUR KKÍ.

Eins og venja er stóð KKÍ fyrir stjórnuleik sem haldinn var í Grindavík 10. febrúar. Enn fremur var haldin þriggja stiga skotkeppni og troðslukeppni samfara leiknum. Þriggja stiga skotkeppnina vann Gunnar Örlygsson eftir harða keppni við Val Ingimundarson sem hafði unnið hana undanfarin ár. Troðslukeppnina vann Guðmundur Bragason. Fjöldi áhorfenda mætti á leikinn sem tókst vel og endaði með sigri suðurnesja.

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA.

KR var eina liðið sem tók þátt í Evrópukeppninni að þessu sinni og léku þeir í Evrópukeppni meistaraíða. Þeir lentu á móti SAAB frá Finnlandi í fyrstu umferð og sigruðu hér heima 120-118. Þeir töpuðu svo síðari leiknum úti og komust ekki áfram í aðra umferð. Þess má geta að hefðu þeir komist áfram hefðu þeir lent á móti Ari Saloniki frá Grikklandi sem er eitt sterkasta félaglið í Evrópu og hefði verið fengur að fá þá til Íslands.

EVROPUMEISTARARIÐILL Í LAUGARDALSHÖLL 1.-5. MAÍ 1991

Dagana 1.-5. maí fór fram keppni í A-riðli undankeppni fyrir Evrópumeistaramótið 1993 í Laugardalshöllinni í Reykja-vík. Þátt í mótinu tóku, auk Íslendinga, Danir, Finnar, Norðmenn og Portúgalar. Að auki áttu Írar að leika í þessum riðli en af einhverjum ástæðum hættu þeir við þátttöku.

Eftir fjögurra mánaða undirbúning var tekið á móti fyrstu gestunum 29. apríl, Dönum og Portúgölum, og Finnar og Norðmenn komu daginn eftir.

Mótið hófst síðan 1. maí með leik Íslendinga og Dana. Í þeim leik fóru Íslendingar með kærkominn sigur af hólmi, 85-77. og eflðust þá vonir manna um að íslenska liðinu tækist öðru tveggja liða að komast áfram í keppninni. Í síðari leik dagsins sigruðu Portúgalar Finna með 60 stigum gegn 52 í sögulegum leik þar sem Finnar skorðu ekki stig fyrr en að liðnum fimmtán mínútna leiktíma.

Annar keppnisdaginn mættust fyrst Norðmenn og Danir. Norðmennirnir, sem voru mjög sterkir í þessari keppni hér fyrir fimm árum, mættu nú til leiks með ungt og óreynt lið en þó þurfti að tvíframlengja leikinn áður en Danir mörðu sigur með 89 stigum gegn 87. Þá léku Íslendingar og Portúgalar en þrátt fyrir góða hittni Íslendinga innan þriggja stiga bogans eða 56% þá dugði 25% hittni úr þriggja stiga skotum ekki gegn 40% hittni Portúgala sem sigruðu 86-70.

Þriðja keppnisdaginn sátum við hjá en þá léku fyrst Finnar og Norðmenn og síðan Portúgalar og Danir. Finnar unnu Norðmennina léttilega með 102 stigum gegn 73 og Danirnir komu á óvart og sigruðu Portúgala með 69 stigum gegn 61. Þá höfðu öll liðin tapað leik og staðan því orðin all undarleg.

Fjórdi daginn léku Íslendingar síðan gegn Norðmönnum og sigruðu með 116 stigum gegn 90 en í síðari leiknum bættu Danir um betur og sigruðu Finna með 80 stigum gegn 64. Íslendingar eygðu enn veika von um að komast áfram en til þess varð tvennt að gerast lokadag keppinnar: Að Norðmenn sigruðu Portúgala og Íslendingar Finna. Þótt a.m.k. það fyrrnefnda harla ólíklegt, enda er skemmst að segja frá því að hvorugt gerðist.

Lokadag keppinnar sigruðu fyrst Portúgalar Norðmenn með 76 stigum gegn 52 og síðan sigruðu Finnar okkar menn með 81 stigi gegn 77 eftir eina jöfnustu viðureign þessara liða frá upphafi. Þar með hafnaði íslenska liðið í fjórða sæti, næst á undan Norðmönnum, en Danir og Portúgalar hreptu tvö efstu sætin og komust því bæði áfram.

Lokastaðan varð sem hér segir:

	L	U	T	Stig	Prós.	Skor
Danmörk	4	3	1	7	75%	315-297
Portúgal	4	3	1	7	75%	283-243
Finnland	4	2	2	6	50%	299-290
Ísland	4	2	2	6	50%	348-334
Noregur	4	0	0	4	0%	302-383

Athygli vakti að þrátt fyrir 47% hittni íslenska liðsins úr körfuskotum innan þriggja stiga bogans, þar sem til dæmis Portúgalar hittu 42% og Finnar 50%, hittu okkar menn aðeins úr 34% þriggja stiga skota á móti 45% Portúgala og 42% Dana. Þó eru þriggja stiga skotin aðall íslenska landsliðsins og vissulega eru í því margar snjallar þriggja stiga skyttur sem gefa skyttum hinna liðanna ekkert eftir. Hins vegar virtust þær ekki ná að athafna sig gegn sterkum varnarleik og vó þetta kannski hvað þyngst í tapleikjum Íslendinga á mótinu. Hittni Norðmanna og Finna úr þriggja stiga skotum var þó enn lakari en okkar manna eða 32% og 31%.

Vítahittni íslenska liðsins var 68% og betri en bæði Dana og Finna sem hittu 63% og 64% en hins vegar mun lakari en hittni Portúgala, sem hittu úr 78% vítaskota sinna, og Norð-manna sem nýttu 80% vítaskota sinna.

Í lokahófi eftir keppnina voru veitt einstaklingsverðlaun fyrir flest stig skorud, besta nýtingu þriggja stiga skota, vítahittni og fráköst og valinn besti leikmaður keppinnar og loks valið úrvalslíð hennar. Afhenti nýbökud og stórglæsileg fegurðardrottning Íslands, Svava Haraldsdóttir, verðlaunin við mikla hrifningu verðlaunahafanna jafnt sem annarra viðstaddra. Tækifærið var einnig notað til að heiðra með gullmerki tvo einstaklinga sem unnið hafa mikið starf fyrir körfuknattleiksíþróttina. Þeir voru Björn Björgvinsson og Ríkharður Hrafnkelsson.

Stigahæsti leikmaður keppinnar var hinn norski Torgeir Bryn sem skoraði 101 stig alls en annar varð Flemming Danielsen frá Danmörku með 93 stig og Steven Rocha frá Portúgal varð þriðji með 70 stig.

Verðlaun fyrir bestu vítahittina hlaut Portúgalinn Joao Seica sem hittu úr öllum 11 vítaskotum sínum í keppninni en Valur Ingimundarson kom næstur með 6 af 6 og Jón Arnar Ingvarsson hittu 5 skotum af 5. Rétt er að geta hér hins mjög góða árangurs Torgeirs Bryn sem tók 37 vítaskot og hittu úr 33 eða 89%.

Þriggja stiga skytta keppinnar varð Lars B. Jensen frá Danmörku sem hittu 6 skotum af 9 eða 67%. H. Starup-Hansen var einnig með 67% hittni en aðeins úr þremur skotum og Steven Rocha var með 63% hittni eða 5 skot ofan í af átta. Athygli vakti portúgalski bakvörðurinn Antonio Ferreira sem hittu úr 15 skotum af 34 eða 44%.

Flest fráköstin tók Torgeir Bryn eða 47 en Pekka Markkanen frá Finnlandi kom næstur með 46 fráköst. Langt var síðan í þriðja mann, Steven Rocha frá Portúgal, sem hirti 29 fráköst.

Leikmaður keppinnar var valinn af þjálfurum liðanna og varð hinn danski Flemming Danielsen fyrir valinu. Næstur honum í atkvæðagreiðsal þjálfaranna kom Torgeir Bryn og að hinum snjalla Flemming Danielsen ólöstuðum má segja að Torgeir Bryn hafi verið maður mótsins eftir að skora flest stigin, sýna frábæra frammistöðu í vítaskotum, hirða flest fráköstin, vera valinn annar besti leikmaðurinn og vera loks valinn í úrvalslíðið.

Í úrvalslíðið var sem fyrr segir valinn Torgeir Bryn sem miðherji, Flemming Danielsen frá Danmörku og Pekka Markkanen frá Finnlandi sem framherjar og Antonio Ferreira frá Portúgal og Henrik Norre Nielsen frá Danmörku sem bakverðir.

Loks má geta þess að flest skot varði Pekka Markkanen frá Finnlandi eða 12 en næstur kom Guðmundur Bragason með 9. Flestar stoðsendingar átti Pehkonen frá Finnlandi eða 22, Lars B. Jensen frá Danmörku varð annar með 19 en Henrique Vieira og Pedro Neves frá Portúgal komu næstir með 17 stoðsendingar hvor. Antonio Ferreira frá Portúgal stal flestum boltum eða 14, Henrik Norre Nielsen frá Danmörku stal 11 og Guðmundur Bragason og Lars B. Jensen frá Danmörku stálu 10 boltum hvor.

Megi einhvern lærdóm af þessu móti draga þá má nefna að auglýsingasöfnun var mun erfiðari nú en var fyrir fimm árum. Þá kom margfalt meira inn fyrir auglýsingar og hlýtur það að verða mikið ihugunarefni við framkvæmd slíkra stórmóta í framtíðinni.

Áhorfendafjöldi var svipaður og áður hefur verið en þó sýnu mestur á leik Íslendinga og Portúgala en það var eini leikur Íslendinga sem ekki var sjónvarpað beint. Því virðist að þótt beinar sjónvarpssendingar gefi öruggar tekjur þá verði þær að vera verulegar til að vega á móti mun dræmari aðsókn að þeim leikjum sem sýndir eru í beinni útsendingu í sjónvarpi. Í þessu sambandi má geta þess að allir leikir Portúgala voru sendir beint til Portúgals með aðstoð Sjónvarpsins. Það gaf nokkrar tekjur og gaf vísbendingu um að hafa megi verulegar

tekjur af slíku í framtíðinni ef hingað koma landslið stórbjóða eða stórlið í til dæmis Evrópukeppnum meistarliða og bikarmeistara.

Þá má fullyrða að óráðlegt sé að halda Norðurlandamót unglunga, senda drengjalandslið til keppni erlendis, halda stórmót eins og Evrópukeppni karlalandsliða, senda landslið karla og kvenna á smábjóðaleikana í Andorra og halda ársþing KKÍ, allt á einum mánuði. Þyrfti eftir föngum að dreifa slíkum stórverkefnum til að þeir starfskraftar sem KKÍ hefur á að skipa geti betur einbeitt sér að hverju einstöku verkefni. Þrátt fyrir allt fór þó allt vel með Evrópukeppnina að þessu sinni með hjálp góðra manna og kvenna en þó með allt of miklu álagi á formann KKÍ, framkvæmdastjóra þess og ýmsa fleiri.

Gestum okkar frá hinum Norðurlöndunum varð tíðrætt um frekari samskipti og voru ræddir möguleikar til að af því gæti orðið í nánustu framtíð, einkum að fá flugfargjöld lækkuð en þau telja menn helsta þrándinn í götu þess að samskiptin geti aukist að marki. Þá bar á góma að Eystrasaltsþjóðirnar, Eistland, Lettland og Litháen, vildu gjarnan hafa meiri samskipti við Norðurlandþjóðirnar í körfuknattleik og gerast aðilar að til dæmis Polar Cup. Þótt engar skoðanir hafi verið látnar í ljósi með því eða móti svo vitað sé þá er ekki ólíklegt að taka þurfi afstöðu til þess máls í náninni framtíð.

9. maí 1991
Guðmundur Þorsteinsson

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR.

Reynt var að skipa mótanefnd fyrir keppnistímabilið en þegar á reyndi óskuðu flestir eftir því að stjórn KKÍ tæki að sér störf mótanefndar eins og áður. Framkvæmdastjóri KKÍ var starfsmaður mótanefndar.

Nýliðið keppnistímabil er eitt hið besta sem körfuknattleikurinn hefur átt á Íslandi mörg undanfarin ár. Úrvalsdeildin var mjög spennandi allt fram til loka mótsins bæði á toppi og á botni deildarinnar. Er tvær umferðir voru eftir gátu 5 lið orðið íslandsmeistarar og 4 lið fallið í 1. deild. Varla verður mót meira spennandi. Úrslitakeppnin sannaði tilverurétt sinn svo um munaði og var varla rætt um annað en körfubolta í fjölmiðlum á meðan umfjöllun um t.d. handknattleik var frekar lítil og neikvæð. Keppni í 1. deild kvenna var tvísýnni en oft áður og réðust úrslitin ekki fyrr en í síðustu umferð. Í 1. deild karla var hreinn úrslitaleikur í síðustu umferð um hvaða lið kæmist upp í úrvalsdeild. Í 2. deild var leikið í 6 riðlum. Tveir riðlar í Reykjavík og á Reykjanesi, einn riðill á vesturlandi og á vestfjörðum, einn riðill á norðurlandi, einn riðill á Austurlandi og einn á suðurlandi. Efstu liðin í hverjum riðli léku í úrslitakeppni í Reykjavík.

Alls sendu 45 félög lið til keppni í islandsmótið 1990-1991 og er það fjölgun um 21 félag.

ÍSLANDSMÓT 1990-1991.

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Ungmennafélag Njarðvíkur
Meistaraflokkur kvenna:	Íþróttafélag Stúdenta
1. deild karla:	Ungmennafélagið Skallagrímur
2. deild karla:	Keilufélag Reykjavíkur
1. flokkur karla:	Ungmennafélag Njarðvíkur
Unglingaflokkur karla:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Unglingaflokkur kvenna:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Stúlknaflokkur:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Drengjaflokkur:	Knattspyrnufélagið Haukar
10. flokkur:	Íþróttabandalag Keflavíkur
9. flokkur:	Ungmennafélag Grindavíkur
8. flokkur:	Íþróttabandalag Keflavíkur
7. flokkur:	Knattspyrnufélagið Haukar
Minnibolti 11 ára:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Minnibolti 10 ára:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Minnibolti stúlkna:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Lávarðadeild:	Íþróttafélag Stúdenta

LOKASTAÐAN Í ÚRVALSDEILD, RIDLUM SLEGID SAMAN.

FÉLAG	L	U	T	STIGASKOR	STIG
UMFN	26	21	5	2520:2118	42
ÍBK	26	20	6	2580:2373	40
UMFG	26	18	8	2258:2137	36
KR	26	17	9	2252:2137	34
UMFT	26	15	11	2436:2364	30
HAUKAR	26	12	14	2187:2217	24
SNÆFELL	26	7	19	2040:2320	14
ÞÓR	26	7	19	2357:2491	14
VALUR	26	7	19	2133:2315	14
ÍR	26	6	20	2115:2406	12

ÚRSLIT Í ÚRSLITAKEPPNI ÚRVALSDEILDAR.

UMFN - UMFG	86-69	ÍBK - KR	71-84
UMFG - UMFN	82-93	KR - ÍBK	75-92
		ÍBK - KR	86-80
UMFN - ÍBK	96-59	ÍBK - UMFN	75-73
UMFN - ÍBK	78-82	ÍBK - UMFN	81-91
UMFN - ÍBK	84-75		

VÍTAHITTNI Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Skot/stig	Nýting
Frank Booker	ÍR	114/93	81.58%
Jón Arnar Ingvarsson	HAUKAR	116/94	81.03%
Falur Harðarson	ÍBK	88/70	79.55%
Valur Ingimundarson	UMFT	96/76	79.17%
Ivan Jonas	UMFT	229/171	74.67%
Jón Örn Guðmundsson	ÞÓR	88/65	73.86%

SKOT INNAN VÍTATEIGS Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Skot/hitt	Nýting
Ívar Ásgrímsson	HAUKAR	111/86	77.48%
Ivan Jonas	UMFT	275/212	77.09%
Pétur Guðmundsson	UMFT	183/141	77.05%
Brynjar Harðarson	SNÆFELL	220/168	76.36%
Konráð Óskarsson	ÞÓR	79/60	75.95%
Damon Vance	HAUKAR	146/110	75.64%

SKOT UTAN VÍTATEIGS Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Skot/hitt	Nýting
Jón Arnar Ingvarsson	Haukar	160/74	46.25%
Friðrik Ragnarsson	UMFN	96/42	43.75%
Ivan Jonas	UMFT	117/51	43.59%
Jóhannes Kristbjörnsson	UMFG	101/44	43.56%
Ríkhartur Hrafnkelsson	SNÆFELL	106/46	43.40%
Ívar Ásgrímsson	HAUKAR	160/69	43.13%

ÞRIGGJA STIGA KÖRFUR Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Körfur	Leikir
Frank Booker	ÍR	93	12
David Grissom	VALUR	82	26
Falur Harðarson	ÍBK	74	26

STIGASKOR Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Stig	Leikir
Ronday Robinson	UMFN	743	26
Ivan Jonas	UMFT	697	25
Jonathan Bow	KR	646	25
Magnús Matthíasson	VALUR	580	25
David Grissom	VALUR	576	26
Falur Harðarson	ÍBK	556	26

FRÁKÖST Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Sókn/vörn	Alls
Ronday Robinson	UMFN	166/272	438
Ivan Jonas	UMFT	87/202	289
Daniel Krebbs	UMFG	103/173	276
Guðmundur Bragason	UMFG	112/126	238
Magnús Matthíasson	VALUR	94/142	236
Pétur Guðmundsson	UMFT	50/179	229

BOLTA TAPAÐ Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Tapað	Leikir
Bárður Eypórsson	SNÆFELL	123	26
Guðni Hafsteinsson	VALUR	100	22
Sturla Örlygsson	ÞÓR	77	24
Ivan Jonas	UMFT	77	25
Jón Kr. Gíslason	ÍBK	76	26
Jóhannes Kristbjörnsson	UMFG	74	26

BOLTA STOLIÐ Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Stolið	Leikir
Jón Kr. Gíslason	ÍBK	91	26
Guðmundur Bragason	UMFG	80	26
Páll Kolbeinsson	KR	62	25
Teitur Örlygsson	UMFN	61	25
Frank Booker	ÍR	54	12
Bárður Eypórsson	SNÆFELL	54	26

VILLUR Í ÚRVALSDEILD.

Nafn	Félag	Villur	Leikir
Ivan Jonas	UMFT	103	25
Sturla Örlygsson	ÞÓR	94	24
Páll Kolbeinsson	KR	90	25
Matthías Matthíasson	Valur	88	25
Albert Óskarsson	ÍBK	88	26
Konráð Óskarsson	ÞÓR	87	26

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA.

Félag	L	U	T	STIGASKOR	STIG
ÍS	15	11	4	797:655	22
ÍBK	15	11	4	1012:680	22
HAUKAR	15	11	4	811:623	22
ÍR	15	9	6	809:756	18
KR	15	3	12	664:806	6
UMFG	15	0	15	478:1051	0

VÍTAHITTNI Í 1. DEILD KVENNA.

Nafn	Félag	Skot/stig	Nýting
Björg Hafsteinsdóttir	ÍBK	53/41	77.36%
Anna María Sveinsdóttir	ÍBK	86/64	74.42%
Linda Stefánsdóttir	ÍR	50/30	60.00%
Stefanía Jónsdóttir	UMFG	78/46	58.97%
Hafdís Helgadóttir	ÍS	49/27	55.10%
Guðbjörg Norðfjörð	HAUKAR	60/33	55.00%

ÞRIGGJA STIGA KÖRFUR Í 1. DEILD KVENNA.

Nafn	Félag	Körfur	Leikir
Björg Hafsteinsdóttir	ÍBK	38	15
Sigrún Skarphéðinsdóttir	HAUKAR	14	15
Hafdís Sveinbjörnsdóttir	UMFG	8	9
Linda Stefánsdóttir	ÍR	5	15

STIGASKOR Í 1. DEILD KVENNA.

Nafn	Félag	Stig	Leikir
Anna María Sveinsdóttir	ÍBK	312	13
Björg Hafsteinsdóttir	ÍBK	247	15
Linda Stefánsdóttir	ÍR	211	15
Vigdís Þórisdóttir	ÍS	186	15
Hafdís Helgadóttir	ÍS	183	15
Anna Gunnarsdóttir	KR	141	14

VILLUR Í 1. DEILD KVENNA.

Nafn	Félag	Villur	Leikir
Stefanía Jónsdóttir	UMFG	65	15
Hafdís Helgadóttir	ÍS	54	15
Hilma Hólm	ÍBK	52	15
Guðrún Sigurðardóttir	UMFG	46	15
Hrönn Harðardóttir	ÍR	45	15
Anna Gunnarsdóttir	KR	44	14

LOKASTADAN Í 1. DEILD KARLA.

Félag	L	U	T	Stigaskor	Stig
UMFS	12	8	4	921:816	16
Vikverji	12	8	4	993:882	16
ÍA	12	7	5	1042:991	14
UÍA	12	7	5	850:850	14
ÍS	12	6	6	868:825	12
UBK	12	4	8	845:924	8
Reynir	12	2	10	888:1059	4

ÚRSLIT Í 2. DEILD KARLA.

Eftirtalin félög skráðu sig til keppni í 2. deild:

Vesturland/Vestfirðir: Hörður Patreksfirði, Ungmennafélag Bolungarvíkur, Ungmennafélag Stafholtstungna, Ungmennafélag Grundarfjarðar.

Norðurland: Ungmennafélagið Æskan, Ungmennafélag Vestur Húnavetninga, Ungmennafélagið Neisti, Ungmennafélag Svarfdæla, ÍMA.

Austurland: Austri, ÍME, Höttur, UMFE.

Suðurland: Ungmennafélag Selfoss, Ungmennafélag Hrunamanna, Ungmennafélag Laugdæla, Ungmennafélag Gnúpverja.

Reykjavík/Reykjanes. A-riðill: Léttir, F.H. Þrymur, Kajakklúbburinn.

B-riðill: Leiftri, Árvakur, Keilufélag Reykjavíkur, Hafnir.

Sigurvegarar úr hverjum riðli mættust í úrslitakeppni. Félögum var skipt upp í tvo riðla.

A-riðill.

Þrymur - Keilufélag Reykjavíkur	57-59
UMF Bolungarvíkur - Keilufélag Rvíkur	58-70
UMF Bolungarvíkur - Þrymur	72-53

B-riðill.

UMF Gnúpverja - Æskan	68-58
Austri - UMF Gnúpverja	51-62
Æskan - Austri	72-68

5-6 sætið: Þrymur - Austri 61-33

3-4 sætið: UMF Bolungarvíkur - Æskan 89-68

1-2 sætið: Keiluf. Rvík - UMF Gnúpv. 61-69

LOKASTAÐAN Í UNGLINGAFLOKKI KARLA.

Félag	L	U	T	Stig	
ÍBK	16	13	3	26	Íslandsmeistari
Haukar a	16	12	4	24	
Valur	16	9	7	18	
Haukar b	16	6	10	12	
KR	16	6	10	12	
ÍR	16	5	11	10	
Drengjal.	16	3	13	6	
UMSB	16	0	13	0	

LOKASTAÐAN Í LÁVARÐADEILD.

Félag	L	U	T	Stig	
ÍS	14	13	1	26	Íslandsmeistari
UMFN	14	12	2	22	
Fram	14	9	5	18	
UMFG	14	8	6	16	
UMFL	14	6	8	12	
UMFT	14	5	9	10	
ÍBK	14	2	12	4	
UMSB	14	1	13	2	

LOKASTAÐA Í ÍSLANDSMÓTI YNGRI FLOKKA.

DRENGJAFLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í drengjaflokki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Haukar, UMFG, KR, ÍA, ÍR. B-riðill: Þór, Valur, UMFT, UMFN, Laugar, ÍBK b.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍR - Haukar 54-75 KR - UMFT 70-73
Haukar - UMFT 67-56

10. FLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í 10. flokki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Haukar, Valur, KR, ÍA, ÍR. B-riðill: Snæfell, Þór, UMFG, UMFS, ÍBK b.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

ÍBK a - Haukar 49-38 Valur - KR 57-50
ÍBK a - Valur 73-54

9. FLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í 9. flokki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: Haukar, UMFG, UMFN, Valur, UMFT. B-riðill: ÍR, KR, Reynir, ÍBK, UMFS.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFG - Haukar 55-44 UMFN - UMFT 46-44
UMFG - UMFN 56-44

8. FLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í 8. flokki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Valur, Haukar, UMFN, KR. B-riðill: Snæfell, ÍR, UMFG, UMFT.

Vegna mikils brottfalls var nauðsynlegt að sameina riðlana. Í lokaumferðina mættu aðeins 5 lið og varð lokastaðan eftirfarandi:

Félag	L	U	T	Stig	
ÍBK	6	6	0	18	Íslandsmeistarar
Haukar	6	5	1	16	
UMFN	6	4	2	12	
KR	6	3	3	9	
UMFT	6	2	4	6	

7. FLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í 7. flokki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Haukar, UMFG, Valur. B-riðill: KR, UMFN, UBK, ÍR.

Lokastaðan í 7. flokki varð eftirfarandi:

Félag	L	U	T	Stig	
Haukar	3	3	0	9	Íslandsmeistari
UMFG	3	2	1	7	
ÍBK	3	1	2	5	
Valur	3	0	3	3	

MINNIBOLTI 11 ÁRA.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í minnibolta 11 ára og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Haukar, Valur, ÍR, UMFN, KR. B-riðill: UMFG, UMFT, ÍA, UBK, Snæfell.

Lokastaðan í minnibolta 11 ára varð eftirfarandi:

Félag	L	U	T	Stig	
ÍBK	5	5	0	10	Íslandsmeistari
Snæfell	5	3	2	6	
KR	5	3	2	6	
Haukar	5	2	3	4	
UMFG	5	1	4	2	
UMFT	5	1	4	2	

MINNIBOLTI 10 ÁRA.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í minnibolta 10 ára og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: UMFN, KR, ÍBK, Haukar. B-riðill: UMFG, Valur, ÍR, UBK.

Valsmenn hættu við þátttöku og því var riðlunum slegið saman í einn riðil. Frekara brottfall varð, en lokastaðan varð eftirfarandi:

Félag	L	U	T	Stig	
ÍBK	16	14	2	28	Íslandsmeistari
KR	16	10	6	20	
UMFN	16	9	7	18	
UMFG	16	7	9	14	
UBK	16	1	15	2	

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA.

Eftirtalin félög hófu þátttöku í unglingsflokki kvenna og var leikið í einum riðli: ÍBK, Haukar, ÍR, UMFT, KR, ÍA, UMFS.

Nokkuð var um brottfall og í lokafjölliðamótinu mættu aðeins 3 lið.

Lokastaðan varð eftirfarandi: ÍBK varð íslandsmeistari, UMFT í öðru sæti og KR í þriðja sæti.

STÚLKNAFLOKKUR.

Eftirtalin félög hófu keppni í stúlknaflökki og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: ÍBK, Haukar, UMFG, UMFT. B-riðill: UMFN, Snæfell, ÍR, KR.

Lokastaðan varð eftirfarandi:

Félag	L	U	T	Stig	
ÍBK	2	2	0	4	Íslandsmeistari
UMFT	2	1	1	2	
KR	2	0	2	0	

MINNIBOLTI STÚLKNA.

Eftirtalin félög sendu lið til keppni í minnibolta stúlkna og var keppt í einum riðli. Snæfell, UMFG, UMFN, ÍBK, UBK.

Lokastaðan varð eftirfarandi:

Félag	L	U	J	T	Stig	Íslandsmeistari
ÍBK	16	14	1	1	31	
UMFG	16	12	1	3	25	
UMFN	16	6	0	10	12	
UBK	16	6	0	10	12	
Snæfell	16	1	0	15	2	

1. FLOKKUR KARLA.

Eftirfarandi félög sendu lið í keppni í 1. flokk karla og var þeim skipt upp í tvo riðla. A-riðill: UMFG, Valur, ÍBK a, ÍBK d, UBK, Léttir. B-riðill: UMFN, Haukar, ÍBK b, ÍBK c, KR, Reynir.

Sigurvegarar úr hvorum riðli léku til úrslita:
UMFN - ÍBK 93-85.

BIKARKEPPNI KKÍ.

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla:	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Meistaraflokkur kvenna:	Íþróttafélag Stúdenta
Unglingaflokkur karla:	Knattspyrnufélagið Haukar
Unglingaflokkur kvenna:	Ungmennafélagið Tindastóll
Drengjaflokkur:	Íþróttabandalag Keflavíkur
Stúlknaflokkur:	Ungmennafélagið Tindastóll
10. flokkur:	Íþróttabandalag Keflavíkur
9. flokkur:	Ungmennafélag Grindavíkur

ÚRSLIT ÚR EINSTÖKUM LEIKJUM URÐU SEM HÉR SEGIR:

MEISTARAFLOKKUR KARLA.

Undankeppni 1. umferð:			
UMFN b - UMFS	93-77	ÍS b - UÍA	63-64
Undankeppni 2. umferð:			
Reynir - UÍA	86-89	UBK - Árvakur	85-52
UBK b - UMFN b	63-108	ÍS a - ÍA	79-60
Víkverji - Fram	80-43	Þrymur - ÍBKb	62-59
16 liða úrslit:			
ÍR - Snæfell	91-82	ÍBK - Víkverji	124-72
Þór - UÍA	89-48	ÍS - Valur	67-100
KR - Haukar	92-80	UBK - Þrymur	65-64
UMFN - UMFT	96-94	UMFG - UMFN b	122-44

8 liða úrslit:			
KR - UBK	130-67	UMFG - UMFN	78-76
Valur - ÍBK	76-87	Þór - ÍR	103-101

4 liða úrslit:			
KR - UMFG	120-94	ÍBK - Þór	94-70

Úrslit:
KR - ÍBK 94-81

MEISTARAFLOKKUR KVENNA.

8 liða úrslit:			
Haukar - ÍS b	82-30	UMFG - KR	45-63
ÍS a - ÍBK	46-45	Snæfell - ÍR	25-75

4 liða úrslit:			
ÍR - Haukar	46-39	KR - ÍS	28-50

Úrslit:
 ÍS - ÍR 52-51 (44-44)

UNGLINGAFLOKKUR KARLA.

Þór - UMFN	2-0	KR - Haukar	60-69
Valur - ÍR	79-73		
Haukar - ÍBK	96-87	Þór - Valur	75-100
Úrslit:			
<u>Haukar - Valur</u>	63-60		

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA.

Haukar - UMFN	41-40	KR - UMFT	14-40
ÍBK - Haukar	40-25		
Úrslit:			
<u>UMFT - ÍBK</u>	39-37		

DRENGJAFLOKKUR.

ÍA - ÍBK	61-69	Valur - Haukar	2-0
ÍR - UMFN	64-55	UMFG - KR	57-54
Valur - ÍR	61-87	UMFG - ÍBK	47-48

Úrslit:
ÍBK - ÍR 78-69

STÚLKNAFLOKKUR.

ÍR - ÍBK	12-37	Haukar - UMFN	23-45
UMFT - ÍBK	54-33		
Úrslit:			
<u>UMFT - UMFN</u>	22-21		

10. FLOKKUR.

ÍBK b - KR	26-65	ÍBK a - Valur	72-48
KR - UMFG	53-39	ÍBK a - Haukar	79-65
Úrslit:			
<u>ÍBK - KR</u>	<u>71-58</u>		

9. FLOKKUR.

Haukar - KR	49-46	UMFG - ÍBK	78-32
ÍR - UMFN	75-53	UMFG - UMFN	53-39
Valur - Haukar	40-35		
Úrslit:			
UMFG - Haukar	52-39		

SKÝRSLA LANDSLIDSNEFNDAR

Nýr landsliðsþjálfari Torfi Magnússon tók við störfum í haust, honum til aðstoðar var ráðinn Glenn Thomas fyrir lokaundirbúninginn að Evrópukeppninni og fyrir Andorraferðina. Landsliðið hóf undirbúning sinn fyrir fjölmörg verkefni vetrarins með æfingabúðum á Laugarvatni í ágúst. Eftir það var valinn landsliðshópur sem æfði reglulega einu sinni í viku. Í vetur hafa verið leiknir 19 landsleikir og af þeim 14 á Íslandi og er það met. Enn eigum við eftir að spila 4 leiki á Olympíuleikum smáþjóða. Sigur hefur unnist í 16 leikjum en við höfum tapað 3.

Promotion Cup í Wales.

12.des 1990 Ísland - Kýpur	95 - 79
13.des 1990 Ísland - Malta	114 - 64
14.des 1990 Ísland - Wales	92 - 48
15.des 1990 Ísland - Luxemburg	98 - 93
16.des 1990 Ísland - Kýpur	101 - 93

Ísland vann mótið.

Vináttulandsleikir:

27.des 1990 Ísland - Danmörk	Stykkishólmi	80 - 90
28.des 1990 Ísland - Danmörk	Njarðvík	102 - 86
29.des 1990 Ísland - Danmörk	Reykjavík	85 - 81
17.apr 1991 Ísland - Skotland	Reykjavík	84 - 61
18.apr 1991 Ísland - Skotland	Hafnarfirði	101 - 61
19.apr 1991 Ísland - Skotland	Keflavík	108 - 70
21.apr 1991 Ísland - Austurríki	Akranesi	110 - 80
22.apr 1991 Ísland - Austurríki	Reykjavík	97 - 73
23.apr 1991 Ísland - Austurríki	Grindavík	107 - 76
24.apr 1991 Ísland - Austurríki	Þorlákshöfn	99 - 67

Forkeppni að 28. Evrópumeistaramóti karla í Reykjavík.

1.mai 1991 Ísland - Danmörk	85 - 77
2.mai 1991 Ísland - Portúgal	70 - 86
4.mai 1991 Ísland - Noregur	116 - 90
5.mai 1991 Ísland - Finnland	77 - 81

Ísland hafnaði í fjórða sæti á mótinu.

Eftirtaldir leikmenn hafa leikið með landsliði Íslands á keppnistímabilinu:

Jón Kr. Gíslason	19
Magnús Matthíasson	19
Teitur Örlygsson	16
Jón Arnar Ingvarson	15
Sigurður Ingimundarson	14
Guðjón Skúulason	13
Pétur Guðmundsson	12
Albert Óskarsson	12
Falur Harðarson	11
Friðrik Ragnarsson	11
Guðni Guðnason	10
Valur Ingimundarson	10
Axel Nikulásson	9
Páll Kolbeinsson	9
Guðmundur Bragason	9
Pálmar Sigurðsson	8
Jóhannes Sveinsson	7
Rúnar Árnason	7
Kristinn Einarsson	7
Ívar Ásgrímsson	5

Torfi Magnússon landsliðsþjálfari

SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR

Þegar kvennalandsliðsnefnd var sett á laggirnar í september sl. höfðu þegar verið ákveðin þau tvö verkefni sem lágu fyrir kvennalandsliðinu þetta árið, þ.e. annars vegar ferð á Cosmea Cup, í Kaupmannahöfn í nóvember s.l. og hins vegar Smáþjóðaleikarnir í Andorra nú í maí. Einnig hafði verið gengið frá ráðningu Torfa Magnússonar sem landsliðsþjálfara. Starf kvennalandsliðsnefndar hefur, eins áður, fyrst og fremst falist í því að finna fjáröflunarleiðir til að fjármagna ferðir landsliðsins. Ferðin til Kaupmannahafnar var alfarið fjármögnuð með sölu á humri, en ferðin sem nú er fyrirhuguð verður að öllum líkindum fjármögnuð með "sníkjum". Stelpurnar og meðlimir kvennalandsliðsnefndar hafa gengið í fyrirtæki með bréf þar sem óskað er eftir stuðningi viðkomandi fyrirtækis við ferð landsliðsins til Andorra og í staðinn gáfu stelpurnar viðkomandi fyrirtæki þakkarspjald með mynd af hópnum og þakkarorðum. Hefur þessi aðferð hefur gefið mjög góðan árangur. Þá hefur og verið leitað eftir stuðningi þeirra félaga sem hafa meistaraflokk kvenna innan sinna vébanda og á eftir að koma í ljós hvaða árangur það ber, en stefnan er sú að þær stelpur sem eru valdar til farar í hvert sinn þurfi ekki að greiða neitt af ferðakostnaði úr eigin vasa.

Eftirtaldar stúlkur voru valdar til keppni á Cosmea Cup s.l. haust:

Sigrún Skarphéðinsdóttir	Haukum
Sólveig Pálsdóttir	Haukum
Guðbjörg Norðfjörð	Haukum
Herdís Gunnarsdóttir	Haukum
Vanda Sigurgeirsdóttir	Í.S.
Vigdís Þórisdóttir	Í.S.
Hafdís Helgadóttir	Í.S.
Linda Stefánsdóttir	Í.R.
Helga Árnadóttir	K.R.
Anna Gunnarsdóttir	K.R.
Anna María Sveinsdóttir	Í.B.K.
Björg Hafsteinsdóttir	Í.B.K.

Þess má geta að þegar landsliðið var valið var Anna María Sveinsdóttir, okkar besta körfuknattleikskona mörg undanfarin ár, að leika körfuknattleik á Írlandi og var því ekki reiknað með henni en Margrét Sturlaugsdóttir hafði verið valin í 12 manna hópinn. Þegar svo Anna María kom óvænt heim rétt áður en ferðin átti að hefjast bauðst Margrét til að vera heima svo að við gætum notið krafta Önnu Mariu í Kaupmannahöfn.

Úrslit leikja á Cosmea Cup voru okkur heldur óhagstæð, því öll liðin sem þar léku voru talsvert sterkari en við og sannaðist það enn að við erum töluvert á eftir nágrannabjóðum okkar í kvennakörfuknattleik. Þess ber þó að geta að framfarir í körfuknattleik kvenna hafa verið mjög miklar og breiddin hefur aukist verulega enda ber keppnin í 1. deild kvenna í vetur þess glögglega merki, hún hefur ekki lengi verið svo jöfn og spennandi.

Úrslit leikja landsliðsins á Cosmea Cup urðu eftirfarandi:

Ísland : TTT Riga (Lettlandi)	45:81
Ísland : Hörsen BC (Danmörku)	45:71
Ísland : Danmörk (Landsleikur)	33:95
Ísland : HSG Berlín (Þýskaland)	59:79

Að lokum vil ég þakka með nefndarmönnum mínum þeim Guðrúnu Ólafsdóttur, Ragnari Erni Péturssyni og Jóhannesi Ellertssyni fyrir samstarfið á liðnum vetri.

f.h. Kvennalandsliðsnefndar

Kolbrún Jónsdóttir

SKÝRSLA UNGLINGALANDSLIÐS KARLA.

Æfingabúðir voru haldnar á Laugarvatni í ágúst s.l. fyrir leikmenn fædda 1972-1973. Góð þátttaka var og nægur efniviður er til staðar fyrir landslið framtíðarinnar.

Tvö stór verkefni lágu fyrir dyrum unglíngalandsliðsmanna. Í fyrsta lagi Norðurlandamóti fyrir 19 ára og eldri í apríl og síðan í öðru lagi Evrópukeppni fyrir 18 ára og yngri í ágúst.

Reglulegar æfingar voru í allan vetur, en þeim fjölgað verulega eftir að Íslandsmóti unglíngaflokks laug í byrjun mars. Síðustu þrjár vikur fyrir Norðurlandamót var æft á hverjum degi og leiknir nokkrir æfingaleikir.

Árangur liðsins fór fram úr björtustu vonum með því að sigra á Norðurlandamóti unglunga sem haldið var á Stykkishólmi dagana 26.-28. apríl og brjóta þar með blað í sögu körfuknattleiksins á Norðurlöndum. Þess má geta að Jón Arnar Ingvarsson var stigahæsti maður Norðurlandamótsins og var valin í úrvalslíð mótsins.

Úrslit leikja voru eftirfarandi:

Ísland - Svíþjóð	84-67
Ísland - Noregur	98-86
Ísland - Danmörk	63-73
Ísland - Finnland	89-84 (79-79)

Eftirtaldir leikmenn voru valdir til að leika fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu:

Nökkvi Már Jónsson	ÍBK (Fyrirliði)
Hjörtur Harðarson	ÍBK
Birgir Guðfinnsson	ÍBK
Jón Stefánsson	ÍBK
Jón Arnar Ingvarsson	Haukar
Sigfús Gizurarson	Haukar
Bragi Magnússon	Haukar
Eggert Garðarson	ÍR
Hermann Hauksson	KR
Sigurður Jónsson	KR
Bendikt Sigurðsson	KR
Marel Guðlaugsson	UMFG

Þjálfari Jón Sigurðsson

Evrópukeppni (forkeppni) unglingalandsliða 18 ára og yngri verður haldin í Lissabon daganna 7.-11. ágúst nk. Ísland er í riðli með Portúgal, Englandi, Hollandi, Írlandi og Svíþjóð.

SKÝRSLA DRENGJALANDSLÍÐSINS.

Drengjalandsliðshópur fór í viku æfingabúðir til Belgíu í júlí í boði belgíska sambandsins. Jafnframt voru leiknir þrír landsleikir við Belgíu.

Úrslit urðu sem hér segir:

Ísland - Belgía	44-90
Ísland - Belgía	51-88
Ísland - Belgía	53-86

Drengjalandsliðshópurinn tók þátt í Reykjanesmóti, Reykjavíkurmóti og íslandsmóti unglingaflokks sem gestalið.

Drengjalandsliðið tók þátt í einum riðli Evrópukeppninnar í körfuknattleik sem haldinn var í Speyer í Þýskalandi dagana 19. - 21. apríl. Úrslit urðu eftirfarandi:

Ísland - Þýskaland	53-84
Ísland - Belgía	56-73
Ísland - Frakkland	46-80

Þrátt fyrir þokkalega langan undirbúning fyrir EM þá var hann nánast enginn miðað við undirbúning hinna þátttökupjóðanna sem voru s.l. tvö og hálf ár í fjölmörgum eins til

lið áður en að alvöru keppni kemur. Þetta hefur verið gert fyrir suma árganga og skilað ágætum árangri.

Það má ekki afgreiða suma árganga sem lélega og gera lítið sem ekkert fyrir þá þess vegna. Allir eiga að fá sömu tækifæri til aða þroskast og fá reynslu í keppni við erlenda jafnaldra.

Eftirtaldir leikmenn léku landsleiki á tímabilinu:

Atli Árnason	UMFG	6 leikir
Bryngjar Ólafsson Haukar		6 leikir
Halldór Kristmannsson	KR	6 leikir
Ólafur Theodorsson	ÍR	6 leikir
Þórhallur Flosason	KR	6 leikir
Eiríkur Önundarson	ÍR	6 leikir
Kristján Guðlaugsson	ÍBK	6 leikir
Márus Árnason	UMFG/ÍR	5 leikir
Unnar Sigurðsson	ÍBK	5 leikir
Ósvaldur Knudsen	KR	3 leikir
Þór Árnason	KR	3 leikir
Erlingur Erlingsson	ÍR	2 leikir
Jónas Valdimarson	ÍR	2 leikir
Kári Rúnarsson	ÍBK	2 leikir
Eysteinn Skarphéðinsson	ÍBK	2 leikir
Ómar Hannesson	ÍR	2 leikir

Þjálfari: Sigurður Hjörleifsson

Aðst. þjálfari: Stefán Arnarson

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR 1990-1991

Dómaranefnd keppnistímabilið 1990-1991 var eftirfarandi:

Helgi Bragason
Kristinn Albertsson
Leifur Garðarson

Nefndin hóf störf í byrjun ágúst við að skipuleggja kynningu á nýjum leikreglum meðal aðildarfélaganna KKÍ. Einnig var unnið að undirbúningihins árlega þrekprófs sem nú var með nýju sniði og num erfiðara en fyrri þrekpróf. Í framhaldi af því var komið á reglulegum æfingum.

Þrekprófin voru haldin í september. Prófið er nú með þeim hætti að hlaupa verður 20 metra spretti með stigvaxandi hraða í ákveðinn tíma. Dómaranefnd setti sem lágmark 8 mínútna hlaup en lágmark FIBA fyrir FIBA dómara eru 11 mínútur. Á eftir eru hlaupin þrjú stigahlaup (suiside). Vel var mætt í þrekprófin og náðu allir sem mættu settum lágmarkum.

Í september voru einnig haldnar kynningar á nýjum leikreglum fyrir leikmenn. Þessar kynningar voru á eftirtöldum stöðum: Njarðvík, Akureyri, Borgarnesi og Reykjavík. Mæting var misjöfn. Sum félög voru með góða mætingu, önnur lélega og frá sumum félögum kom enginn. Það var líka greinilegt þegar mótið hófst að þau félgö sem vel höfðu mætt voru mun fljótari að átta sig á nýjum og breyttum reglum.

Efnt var til dómara námskeiðs í Reykjavík í lok september. Af þessum nýju dómurum voru 8 yngri en 19 ára og 4 yngri en 15 ára. Þeir numu því ekki nýtast að fullu í efstu deildum fyrir en eftir 3 - 5 ár. Tveir dómara af nefndum 13 dæmdu töluvert í vetur enda báðir komnir vel yfir títugt. Ekki náðist að nýta aðra tvo vegna fjarlægðar búsetu. Þar sem ekki tókst að gefa út nýju leikreglurnar á íslesku í tæka tíð var ákveðið að biða með frekara námskeiðshald.

Dómaranefnd sá í byrjun október um að taka á móti þeim erlendu dómurum sem dæmdu leik KR í Evrópukeppni meistara liða. Þar var um að ræða Anthony Burke frá Írlandi og Peter Knowles frá Englandi.

DÓMARAMÁL

Dómaranefnd liggur undir miklum þrýstingi frá sumum félögum á landsbyggðinni um að ferðakostnaði dómara sé haldið í lágmarki, en frá öðrum heyrast háværar raddir um að dómara eigi alls ekki að ferðast með liðunum. Dómurum er ekki ljúft að þurfa þá ferðast með liðum því oft þurfa þeir að taka óvinsælar ákvarðanir í leikjum sem geta varðað aðkomuliðið. Lið af suðvesturhorninu fljúga að auki oft frá Reykjavík um miðjan dag en þá eru menn í fullri vinnu.

Nefndin fær einnig skömm í hattinn frá félögum á landsbyggðinni fyrir að fela dómurum þeirra fá verkefni (oftast er um að ræða dómara sem dæma í neðri deildum). Dómaranefndi vill nota þessa dómara en sætir mjög harðri gagnrýni frá heimaliðum þar sem þessir dómara dæma, vegna kostnaðar er þau þurfa að bera.

Á síðasta ársþingi var lögð fram tillaga um fjölgun dómara þ.e. sá fjöldi sem lið þurfa "að hafa á sínum snærum". Tillagan hlaut samþykki þannig að gildistaka yrði frá og með næstkomandi hausti. Gott og vel. Nú er hins vegar komin fram tillaga frá sama félagi og lagði til frestunina á síðasta þingi um að urædd gildistaka nái ekki fram að ganga. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Framtíðarmarki-mið varðandi dómaramál á að vera að til séu a.m.k. 18 dómara sem dæmi eingöngu í úrvalsdeildinni og að auki séu til aðrir 18 (er dæma í neðri deildum) sem berjast um að fá að komast í úrvalsdeildarhópinn. Þannig munu á hverjum tíma bestu dómara landsins dæma í úrvalsdeildinni og á þeim yrði enn meiri pressa að standa sig.

Fáir dómara er fyrst og fremst vandamál félaganna ekki dómara eða dómaranefndar. Því fyrr sem félög átta sig á þessu því fyrr má búast við róttækum aðgerðum í dómaramálum.

FRAMMUNDAN.

Þegar þetta er skrifað er verið að reka smiðshöggið á nýjan samstarfssamning á milli dómaranefndar og KKÍ um utanferðir dómara með landsliðum á æfingaferðalögum.

Framtíðarhugmynd dómaranefndar varðandi dómaranámskeið er sú að þeim verði komið á fyrir öll þau félög sem þess óska ef tilskilinn lágmarksfjöldi þátttakendafjöldi fæst. Þess ber þó að geta að þeir dómara sem myndu verða leiðbeinendur eru allan veturinn að dæma frá tveim til þrem leikjum í viku. Að fá hæfan leiðbeinanda gæti annig reynst vandamál.

UTANFERÐIR OG ÞÁTTAKA Í MÓTUM LANDSLIÐA.

Kristinn Albertsson fór á námskeið fyrir starfandi FIBA dómara í Danmörku í lok september 1990.

Leifur Garðarsson fór með kvennalandsliðinu á æfingamót til Danmerkur í nóvember 1990.

Kristinn Albertsson fór með karlalandsliðinu á Promotion Cup í Wales í Desember 1990.

Kristinn Albertsson var tilnefndur af FIBA til að dæma leik í Evrópukeppni meistarliða í Belgíu í janúar 1991.

Kristinn Albertsson var tilnefndur af FIBA til að dæma í Evrópukeppni drengjalandsliða í Þýskalandi í apríl 1991

Helgi Bragason fór með unglíngalandsliði karla á Norðurlandamót í Stykkishólmi apríl 1991.

Kristinn Albertsson var tilnefndur af FIBA til að dæma í Evrópukeppni karlalandsliða í Reykjavík í maí 1991.

FYRIRHUGAÐAR UTANFERÐIR.

Kristinn Albertsson og Kristján Möller munu fara með kvenna- og karlalandsliðunum til Andorra á Spáni á Ólympíuleika smáþjóða í maí 1991

Kristinn Albertsson hefur verið tilnefndur af FIBA til að dæma í Evrópukeppni unglíngalandsliða karla í Portúgal í ágúst 1991.

Dómaranefnd KKÍ

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ISLANDS


REKSTRARREIKNINGUR 1. MAI 1990 - 7. MAI 1991.

TEKJUR:

	SKYR	<u>1990-1991</u>	<u>1989-1990</u>
Íslandsmót 1991	1	kr. 2.760.166	2.624
Bíkarkeppni 1991	2	648.166	530
Sjónvarpsréttindi		590.000	
Þáttflíkur	3	4.678.974	2.037
Lotto		2.939.988	2.144
Happdrætti			310
Lokahóf		748.900	717
A-landslið	5	814.648	1.042
Unglingalandslið	6	410.637	1.230
Kvennalandslið	7	362.450	923
EM-keppni	8	3.447.081	
Harlem Globetrotters			5.178
Aðrar tekjur	4	1.423.834	1.181
Vaxtatekjur		<u>326</u>	<u>15</u>
		18.825.170	17.931
Gjöld umfram tekjur		<u>1.716.868</u>	<u>1.526</u>
		<u>20.542.038</u>	<u>19.457</u>

GJÖLD:

Íslandsmót 1991	1	1.348.518	984
Bíkarkeppni 1991	2	182.105	208
Styrkir		630.000	286
Fræðslumál			275
Lokahóf		850.488	802
A-landslið	5	4.247.711	4.876
Unglingalandslið	6	1.000.438	1.617
Kvennalandslið	7	455.609	1.361
EM keppni	8	3.480.005	
Norðurlandamót		1.827.565	
Harlem Globetrotters			4.162
Rekstur skrifstofu	9	3.438.165	2.990
Annar kostnaður	10	2.481.877	1.368
Afskriftir		250.487	235
Vaxtagjöld		<u>349.070</u>	<u>293</u>
		<u>20.542.038</u>	<u>19.457</u>



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ISLANDS

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 7. MAÍ 1991.

EIGNIR:	<u>1990-1991</u>	<u>1989-1990</u>
		<u>í Þús. kr.</u>
Bankainnistæður	1.590.548	113
Skuldunautar 11	3.539.303	2.351
Ahöld búningar og kennslutæki	<u>1.021.677</u>	<u>1.171</u>
	<u>6.151.528</u>	<u>3.635</u>
SKULDIR:		
Yfirdráttur	0	545
Víxileign	992.720	
Lánadrottnar 11	2.105.312	1.580
Skuldabréf	695.806	488
Ogreiddir reikningar	4.298.771	1.246
Skuldir ufr eignir 7/05/91 12	<u>(1.941.081)</u>	<u>(224)</u>
	<u>6.151.528</u>	<u>3.635</u>


Við undirritaðir höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Körfuknattleikssambands Íslands sem saminn er eftir bókhaldi þess.

Alítum við að reikningurinn gefi rétta mynd af efnahag sambandsins 7. maí og veiti nægjanlegar upplýsingar um rekstur þess á síðasta starfsári.

Reykjavík 11. maí 1991

H. Agúst Jóhannesson
(Sign)

Guðrún Ólafsdóttir
(Sign)



LÖRFUNNATTLEIÐSARÞINGI ÍSLANDS

SÝRNLINGAR MED ÁRSREIÐNINGI

1. TILANDSHOT 1991


Fastskuggjöld.....	kr	1.804.600	
Tekur af leikjum.....	"	499.216	
Leikskrá.....	"	290.350	
Selt tengingarsalur.....	"	166.000	2.760.166
<hr/>			
Leikskrá.....	"	264.278	
Vendilaun.....	"	920.850	
Dommafél.....	"	145.400	
Annar kostnaður.....	"	17.990	1.348.518
<hr/>			
			1.411.648
<hr/>			

2. DÍKARKEFNI 1991

Fastskuggjöld.....	kr	594.000	
Tekur af leikjum.....	"	54.166	648.166
<hr/>			
Vendilaun.....	"	104.700	
Annar kostnaður.....	"	77.405	182.105
<hr/>			
			466.061
<hr/>			

3. STYRKIR

Styrkur ÍSÍ.....	kr	961.274	
Ávalysingssamningur Flugleiair.....	"	1.200.000	
Ávalysingssamningur Sæfir.....	"	657.900	
Ýmsir styrkir.....	"	1.859.800	
<hr/>			
			4.678.974
<hr/>			



4. AÐRAR TELJUF


Sælb tengingafétt	kr	126.340	
Samantengingafétt	"	406.394	
Jahronn. Tæsi	"	855.100	
Annað	"	36.000	
			<u>1.423.834</u>

5. A-LANDSLID

Danmörk	kr	622.298	
Önnar teljur	"	192.350	814.648
			<u>814.648</u>
Stotland	"	345.725	
Danmörk	"	898.871	
Belg	"	560.347	
Þjálfunart og efingarkostnaður	"	2.110.679	
Annað	"	332.089	4.247.711
			<u>(3.433.063)</u>

6. UNGLINGANEFND

Ímsar tæratlanir	"	410.637	410.637
			<u>410.637</u>
Þorgerðes	"	179.008	
Laugaveki	"	172.788	
Þjálfunart og efingarkostnaður	"	494.332	
Annað	"	154.310	1.000.438
			<u>(589.801)</u>



7. KVEMNALANDSLIÐ

Stjórnir, stjórnendur og þæturinn.....	kr	169,000	
Laugarkvætn.....	"	98,500	
Fjarðtúan.....	"	94,950	362,450
			<hr/>
Denmörk.....	"	344,850	
Þjálfun og æfingarkostnaður.....	"	58,684	
Önnar.....	"	52,075	455,609
			<hr/>
			(93,159)
			<hr/>

8. EVROPUHOT LANDSLIÐ


Selttekur jels.....	kr	1,528,736	
Ávalkeringatekjur.....	"	821,805	
Stjórnarþæturindi.....	"	620,000	
Óáængsöfnar.....	"	476,540	3,447,081
			<hr/>
Óættling.....	kr	2,023,785	
Ávæturn.....	"	453,150	
Donarar.....	"	252,914	
Önnar.....	"	750,156	3,480,005
			<hr/>
			(32,924)
			<hr/>

9. RÆSTUR STJORNAR OG SKRIFSTOFU

Skrifstofukostnaður.....	kr	3,009,890	
Flögu- fundir og ráðstafnun.....	"	363,603	
Óþarfar gjöld.....	"	64,672	
			<hr/>
			3,438,165
			<hr/>


10. ÖNNAR KOSTNAÐUR

Stjórnuleifur.....	kr	104,334	
Eyrðukefni félagsliða.....	"	120,000	
Johnny Cash.....	"	1,117,775	
Sumaræfingabúðir.....	"	244,360	
Þjálfaranamekili.....	"	601,277	
Miðun: Þlasaúrklippur.....	"	75,671	
Önnar kostnaður.....	"	198,460	
			<hr/>
			2,481,877
			<hr/>



II SKULDRAGANTAR OG LANAÐRETTNAR

Árvanir	kr	12,000	
Árman	"	14,000	
Ástria	"	3,910	
FN	"	10,000	
Fram	"	28,708	
Hafnar	"	10,000	
Haukan	"	19,165	
Höttu	"	3,910	
HEK	"		1,650
Hibern	"	8,000	
(Á)	"	90,839	
IR	"	146,706	
Mimr	"		3,000
IR	"	38,039	
IS	"	20,500	
Ísakkúþing	"	43,025	
Íslandsfélag Reykjavíkur	"	3,000	
KR	"		39,774
Leiftu	"	3,000	
Léttir	"	53,738	
Moldur	"	5,500	
Reynir Sandgeir	"	16,105	
UMF. Gouvverja	"	21,079	
Brotsablik	"	1,361	
UMF. Eirar	"	3,910	
UMF. Húsnamanna	"	11,080	
UMFB	"		186,701
Lauðgálin	"	63,706	
Ungmennaf. Grundarfj.	"	8,000	
Ungmennaf. Skallagrímur	"	26,925	
Snæfall	"		115,347
UMF. Stathóustungna	"	8,000	
UMFN	"	171,905	
UMF. Selfoss	"	11,080	
Tindastoll	"		23,120
UMF. Tertur	"	23,438	
UMF. Eirar	"	3,000	
DIA	"		46,453
UME. Á-Höfvi	"	5,310	
UMS. V-Höfvi	"	3,000	
Valur	"	171,728	
Vikverja	"	47,726	
Pör	"	59,046	
Præmur	"	77,725	
Borgarþing	"		52,917
Domannefnd	"		443,110
Ísritsbandalag Reykjavíkur	"		103,071
Ísritsbandalag Íslands	"	204,553	
Ríkisgjólf	"	620,000	
Ginnb. ferðastætur	"	775,321	
Flugleiðir	"	273,761	
Jækkur	"		174,454
FIDA	"		378,740
Rekings HT	"	9,280	
Ferðastætur ymsa	"	31,148	
Ginnheimtar Auglýsingar	"	108,000	
Íslenskt Bætur	"	190,000	
Annað	"	131,157	584,973
		<u>3,539,503</u>	<u>2,105,312</u>



13. SKULDIF ÖMFRAÐ EIGNIR 2. MAÍ 1991

SKULDIF ÖMFRAÐ EIGNIR 2. MAÍ 1990.....kr
Eignir uninn. sektur skv. heilshættu. "

(224.213)
(1.716.868)

(1.941.081)

1

2

3

4

5

6

